

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 619/2017 um samræmda afhendingu og miðlun upplýsinga um flutning á sjó.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2790 frá 14. desember 2023 um ákvörðun virkni- og tækniforskrifta fyrir viðmótseiningu skýrslugjafar fyrir landsbundnu sameiginlegu gáttirnar fyrir siglingar. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 313/2025 frá 5. desember 2025. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 12. febrúar 2026, bls. 658-667.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. og 3. mgr. 16. gr. c. og 1. og 2. mgr. 17. gr. laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 16. febrúar 2026.

F. h. r.

Árni Freyr Stefánsson.

Katrín Pálsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 2. mars 2026